



FÉLA1XC04

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Vorönn 2026

Kennari/kennarar:	Eva Dögg Jafetsdóttir, Linda Rut Larsen, Sigrún Þorkelsdóttir, Ragnhildur Þorsteinsdóttir, Sigríður Gunnarsdóttir og Þorbjörg Lilja Jónsdóttir.
-------------------	---

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á einstaklinginn í umhverfi sínu, menningu, fjölskylduna og mismunandi sambúðarform. Önnur viðfangsefni áfangans eru stjórnmál, Alþingi, ríkisstjórn og stjórnsýsla eru kynnt nemendum.

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- eigin sjálfsmynd og þörfum samfélagsins, mótunaröflum, gildum, frávikum, stöðu og hlutverkum kynjanna
- samfélagi sínu nær og fjær, mismunandi menningu á heimilum, fjarlægð milli staða á Íslandi og á milli landa/heimshluta
- hinum ýmsum kynþáttum, fordómum og staðalmyndum
- fjölskyldulífi á Íslandi áður fyrr og í nútímanum, samfélagsgerð og atvinnuskiptingu
- ólíkum sambúðarformum og hjónaböndum í ýmsum myndum, fjármálum, skilnaði, forsjá og réttindum og skyldum barna

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- þekkja sjálfan sig, hlutverk og þarfir og helstu mótunaröfl
- þekkja menningarmun milli þjóða, þjóðarbrota og þjóðfélagshópa

- ræða fordómalaust um kynþætti, trúarbrögð, siði og venjur
- þekkja framfarir og þróun í íslensku samfélagi, bæði hvað varðar atvinnulíf, samfélagsgerð, fjölskyldu- og sambúðarform
- afla sér fjölbreyttra upplýsinga, greina og vinna með þær og mynda sér skoðanir á meðvitaðan og gagnrýnin hátt
- vinna sjálfstætt og með öðrum
- ræða um afmörkuð viðfangsefni af umburðarlyndi og virðingu fyrir sjónarmiðum annarra
- koma fram fyrir hóp og kynna verkefni sín

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- átta sig á gagnvirkni samfélags og einstaklings
- geta valið sér hlutverk í framtíðinni og verið virkur þátttakandi í lýðræðisþjóðfélagi
- skilja og virða mismunandi þjóðfélagshópa
- þekkja og virða mismunandi fjölskyldu- og sambúðarform, trúarbrögð, siði og venjur
- tjá sig fordómalaust um málefni sem eru til umfjöllunar

Námsefni:

Bókin *Félagsfræði; Einstaklingur í samfélagi* er lögð til grundvallar (nemendur þurfa ekki að kaupa bókina). Ýmislegt efni frá kennara, myndbönd, verkefni og annað. Í hverri lotu eru unnin ýmiskonar verkefni sem tengjast viðfangsefni lotunnar.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
Vika 1 8. og 9. jan	Kynning og upphaf áfanga	
Vika 2 12-16. jan	Lota 1 – Einstaklingurinn í umhverfi sínu	
Vika 3 19-23. jan	Lota 1 – Einstaklingurinn í umhverfi sínu	

Vika 4 26.-30. jan	Lota 1 – Einstaklingurinn í umhverfi sínu	
Vika 5 2-6. feb	Lota 1 – Einstaklingurinn í umhverfi sínu	
Vika 6 9.-13. feb	Lota 2 - Fjölskyldulíf áður og nú, ólík sambúðarform. Samfélagsgerð og atvinnuskipting	
Vika 7 16.-20 feb	Lota 2 - Fjölskyldulíf áður og nú, ólík sambúðarform. Samfélagsgerð og atvinnuskipting	
Vika 8 25.-27 feb	Lota 2 - Fjölskyldulíf áður og nú, ólík sambúðarform. Samfélagsgerð og atvinnuskipting	Vorfrí 23.- 24. feb. Starfsdagur kennara 27.feb.
Vika 9 2.-6. mars	Lota 2 - Fjölskyldulíf áður og nú, ólík sambúðarform. Samfélagsgerð og atvinnuskipting	
Vika 10 9.-13. mars	Vettvangsferð 12. mars	
Vika 11 16.-20. mars	Lota 3 - Samfélagið nær og fjær, ólík menning	Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars.
Vika 12 23.-27. mars	Lota 3 - Samfélagið nær og fjær, ólík menning	
Vika 13	Páskafrí	
Vika 14 7. 10. apríl	Lota 3 - Samfélagið nær og fjær, ólík menning	
Vika 15 13.-17. apríl	Lota 4 – Hinir ýmsu kynþættir, fordómar og staðalmyndir	
Vika 16 20-24. apríl	Lota 4 – Hinir ýmsu kynþættir, fordómar og staðalmyndir	
Vika 17 27.-30. Apríl	Lota 4 – Hinir ýmsu kynþættir, fordómar og staðalmyndir	1. maí frídagur
Vika 18 4-8. maí	Lota 4 – Hinir ýmsu kynþættir, fordómar og staðalmyndir	
Vika 19 11-13. maí	Skráp og upprifjun	Takk fyrir önnina

Námsmat:

Áfanginn er próflaus. Mikið er lagt upp úr þátttöku í umræðum og virkni í tímum. Virkni og verkefnavinna eru metin til einkunnar. Góð mæting og stundvísi, vinnusemi og vandvirkni eru forsendur þess að góður árangur náist.

Kröfur og verkefnaskil

- Áfanginn er símatsáfangi sem þýðir að ekki er lokapróf en einkunn og umsögn eru gefin út frá verkefnum o.fl. (sjá námsmat).
- Verkefnin verða flest unnin í tölvu og því þurfa nemendur að hafa reglulegan aðgang að tölvu.
- Nemendum stendur til að boða að ljúka við verkefni heima ef ekki næst að ljúka við það í tíma.
- Einnig er nemendum boðið að vinna verkefni alveg heima ef viðkomandi er fjarverandi þegar verkefnið er unnið í skólanum.
- Símanotkun tengd náminu er leyfileg í samráði við kennara. Ef nemandi er í símanum án samráðs við kennara má kennari skrá F hjá viðkomandi.

Sérreglur áfangans:

Mæta þarf í tíma samkvæmt skólasóknarreglum FSu. og eru nemendur hvattir til að kynna sér þær.

Þar sem öll vinna í áfanganum fer fram í tíma og ekki er krafist heimavinnu þarf nemandi sem er með opið vottorð að vera að lágmarki með 50% raunmætingu við lok annar til að standast áfangann.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hverrar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.